



**Kveðja
frá
forseta Íslands
Ólafi Ragnari Grímssyni**

Karлакór Reykjavíkur hefur í áratugi verið gildur strengur í þjóðarsál okkar Íslendingar. Söngur hans hefur túlkað ást til ættjarðarinnar, óð til náttúrunnar og tilfinningar sem eru okkur sameiginlegar á stundum hátíða og gleði, sorgar og söknuðar.

Þegar við minnumst merkra atburða er söngurinn ætíð það mál sem best túlkar hvað býr í huga okkar og hjörtum.

Þá syngur kórinn fyrir okkur öll, hljómurinn þungur og mikill eða léttur og leikandi, raddirnar samhljómur þess sem við helst vildum segja.

Kraftmiklar raddir Karlakórs Reykjavíkur minna á rætur íslenskrar menningar og með tónleikaferð gefur kórinn okkur tækifæri til að hylla sögu og sameiginlega arfleifð íslenskrar og enskrar þjóðar.

Jólin nálgast og kórinn flytur gleði og hvatningu til vina okkar á Bretlandseyjum, skapar hátíðarblæ í aðdraganda helgra stunda, áréttar að á okkar heimaslóðum er dans norðurljósanna vísbending um litríkan himnastiga.

Ólafur Ragnar Grímsson
(sign)